

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Lyngás 4, L203623, stækkun aukahúss.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til frístundasvæðis í landi Búrfells II. Í breytingunni felst að heimild fyrir aukahúsi er aukin úr 40 fm í 50 fm auk þess sem heimildir vegna þakhalla eru auknar.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2024.

*Deiliskipulagsbreyting, Kiðjaberg, lóð 55, L189819.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Kiðjabergs 55, L189819. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits lóðarinnar.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 26. júní 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**